

Miðvikudaginn 11. maí 1988.

Nr. 143 og
259/1987.

Sigurbjörn Eiríksson

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Ásgeiri Ásgeirssyni

f.h. Hestamannsins

(Skúli Pálsson hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Áskorunarmál. Varnarþing.
Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þessi dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málunum til Hæstaréttar með stefnum 28. apríl 1987 og 15. september s.á. Hann krefst þess aðallega að hin áfrýjaða áritun verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi og hið áfrýjaða fjárnám felld úr gildi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði og að hið áfrýjaða fjárnám verði felld úr gildi. Þá krefst hann í báðum tilvikum málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða áritun og hið áfrýjaða fjárnám verði hvorutveggja staðfest. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gaf út 11. mars 1987 áskorunarstefnu á hendur áfrýjanda. Hann krafðist greiðslu á 50.940,00 krónum ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 30. júní 1986 og til greiðsludags. Um málsatvik og málsástæður segir svo í stefnunni: „Skuld þessi er tilkomin vegna úttekta stefnda á vörum hjá stefnanda í júní '86 og eru viðskiptin skráð á reikning merktum stefnanda og stíluðum á stefnda, ds. 30.6.'86 að fjárhæð kr. 50.940,00, kvittuðum af starfsmanni stefnda.“

Málið var þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 31. mars 1987 og afgreitt næsta dag með svofelldri áritun: „Stefnukröfur máls þessa ásamt málskostnaði að fjárhæð kr. 11.100 verða aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dags. áritunar þessarar.“ Úttekt sú er um ræðir fór fram í verslun stefnda í Reykjavík.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt ýmis ný gögn, svo sem aðilja- og vitnaskýrslur, sem teknar voru eftir áfrýjun málanna. Lagður hefur verið fram útdráttur úr jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins, en þar segir að fardagaárið 1986-1987 hafi áfrýjandi verið eigandi að og ábúandi á jörðinni Álfnesi í Kjalarneshreppi. Ennfremur vottorð frá Búnaðarfélagi Íslands um að þar hafi samkvæmt forðagæsluskýrslum í árslok 1986 verið skráðir 50 hestar og hryssur 4 vetra og eldri. Þá liggur fyrir vottorð þjóðskrár Hagstofu Íslands 29. september 1987 þess efnis að áfrýjandi hafi frá 15. október 1985 átt lögheimili að Hraunbæ 60 í Reykjavík.

Áskorunarstefnan var birt fyrir dóttur áfrýjanda að Álfnesi. Viðurkennt er að hann fékk vitneskju um stefnubirtinguna, en ósannað er að hann hafi fengið eftirrit stefnunnar eða vitneskju um að málið ætti að reka fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu í Hafnarfirði. Kveðst hann hafa talið að málið yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur og látið mæta þar. Hann telur málið höfðað á röngu varnarþingi og því hafi héraðsdómara borið að vísa því frá dómi.

Stefndi byggir á því að rétt hafi verið að birta stefnuna að Álfnesi, enda sé áfrýjandi eigandi jarðarinnar og hafi haft ábúð á henni og eigi þar heimili.

Svo sem áður greinir er áfrýjandi samkvæmt þjóðskrá talinn eiga lögheimili að Hraunbæ 60 í Reykjavík á þeim tíma er hér skiptir máli. Þótt áfrýjandi sé eigandi jarðarinnar og hafi haft hana til ábúðar til hrossaræktar þykir heimilisfesti hans þar eigi svo sönnuð að heimilt hafi verið að stefna máli þessu til aukadómþings Kjósarsýslu á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Á reikningi yfir úttektina, er lá fyrir héraðsdómara, var að vísu prentað nafn Hestamannsins, en hann var ekki undirritaður af eiganda firmans. Reikningurinn var stílaður á „Sigurbjörn/Klúbburinn“ og móttökukvittun á honum ólæsileg. Í áskorunarstefnu segir hins vegar að reikningur sé stílaður „á stefnda“ og kvittaður af „starfsmanni“ hans. Lýsing málsatvika er að þessu leyti ófullkomin og í ósamræmi við skjöl málsins og engin grein er gerð fyrir tengslum stefnda við nafnritunina „Sigurbjörn/Klúbburinn“ né deili sögð á umræddum starfsmanni. Er aðild áfrýjanda að málinu, eins og það lá fyrir héraðsdómara, eigi nægilega sönnuð

til að reka mætti málið sem áskorunarmál sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 97/1978.

Vegna framangreindra ástæðna beggja saman og hvorrar um sig verður ekki hjá því komist að ómerkja hina áfrýjuðu áritun og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun er felld úr gildi ásamt eftirfarandi fjárnámi.

Stefndi, Ásgeir Ásgeirsson f.h. Hestamannsins, greiði áfrýjanda, Sigurbirni Eiríkssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 29. júní 1987.

Ár 1987, mánudaginn 29.6. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Álfsnesi, Kjalarneshr., með undirrituðum vottum, af Rúnari S. Gíslasyni ftr. Fyrir er tekið fógetamálið: Hestamaðurinn gegn Sigurbirni Eiríkssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 áskorunarstefnu áritaða um aðfararhæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Steingrímur Þormóðsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 50.940,00 með 2,25% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 30.6. 1986 til 1.4. 1987, þá með 2,5% mánv. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.360,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 11.100,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Þormóður Sigurjónsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola jörð og fasteignir að Álfsnesi, Kjalarneshreppi. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 11. maí 1988.

Nr. 105/1988. **Magnús Jónsson**

gegn

sýslumanninum í Húnavatnssýslu

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. tl. 1. mgr. og til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. mars sl., sem barst Hæstarétti 19. apríl sl. Þar og í greinargerð 24. apríl sl. gerir hann þær kröfur að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka lögbannsbeiðni sóknaraðila fyrir að nýju til efnisúrlausnar og að tilkynna honum um þá fyrirtekt með hæfilegum fyrirvara, þannig að honum gefist kostur á að leggja fram greinargerð beiðninni til stuðnings. Hann gerir og kröfu um kærumálaskostnað.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði synjaði fógeti sóknar-aðila að taka kröfu hans um lögbannið til greina, án þess að gefa honum kost á að koma að frekari gögnum og greinargerð, sem hann